

Föstudaginn 15. nóvember 1985.

Nr. 231/1983. **Jónas Gunnarsson**
Haraldur Guðmundsson
Björn M.L. Kristjánsson og
Kristján Guðmundsson
 (Skúli Pálsson hrl.)
 gegn
Kristjáni Sigurði Bjarnasyni
sín vegna og f.h. útgerðar
m/b Ármanns SH 223
og gagnsök
 (Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Björgunarlaun. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason og Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. desember 1983, og gera þeir aðallega kröfu um sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að þeim verði dæmd lægri fjárhæð en hann krefst. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 31. janúar 1984. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til greiðslu 181.250,00 króna auk 45% ársvaxta frá 15. nóvember 1982 til 19. janúar 1983, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda, en staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Til vara krefst hann greiðslu á 90.000,00 krónum auk vaxta og málskostnaðar sem að ofan greinir. Til þrautavara krefst hann staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast má á það með héraðsdómi, að m/b Ármann hafi átt þátt í björgun b/v Más, enda þótt sá þáttur hafi verið óverulegur, og að hlutur m/b Ármanns sé hæfilega metinn 5% af heildarbjörgunarlaunum þeim, sem samið var um og málsaðiljar hafa báðir fallist á að miða við. Samkvæmt því og þar sem vaxtakröfu gagnáfrýj-

anda hefur ekki verið mótmælt ber að staðfesta héraðsdóm, þó þannig, að krafan verður dæmd gagnáfrýjanda, Kristjáni Sigurði Bjarnasyni hans vegna og f.h. útgerðar m/b Ármanns SH 223, en í dómsorði héraðsdóms er ónákvæmni í tilgreiningu þessa málsaðilja.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til þess að greiða gagnáfrýjanda 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að héraðsdómara hefði verið rétt að kveðja til sérfróða meðdómendur við sjópróf og við meðferð málsins.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Jónas Gunnarsson, Haraldur Guðmundsson, Björn M.L. Kristjónsson og Kristján Guðmundsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Kristjáni Sigurði Bjarnasyni hans vegna og fyrir hönd útgerðar m/b Ármanns SH 223, 36.250,00 krónur auk 45% ársvaxta frá 15. nóvember 1982 til 19. janúar 1983 og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 10. nóvember 1983.

Stefnandi málsins er Kristján Sigurður Bjarnason (5843-7131), Grundarbraut 22, Ólafsvík, persónulega og vegna útgerðar m/b Ármanns SH 223.

Stefndu eru annarsvegar eigendur m/b Hrings SH 277, þeir Jónas Gunnarsson (5254-1557), Brautarholti 18, Haraldur Guðmundsson (2772-6281) Grundarbraut 5, og dánarbú Guðmundar Jenssonar, Ólafsbraut 28, allir í Ólafsvík, og hinsvegar áhöfn sama skips hinn 10. ágúst 1982, þeir Jónas Gunnarsson, einn eigenda, sbr. hér að framan, Björn M.L. Kristjónsson (1342-5205), Brautarholti 24 og Kristján Guðmundsson (5855-3638), Túnbrekku 9, allir í Ólafsvík.

Málið er rekið og dæmt í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sem mál nr. 4/1983.

Stefna í málinu er gefin út hinn 17. janúar 1983, birt og fallið frá stefnufresti hinn 19. janúar 1983 og málið þingfest hinn 26. janúar 1983.

Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 4. nóvember 1983.

Dómurinn er kveðinn upp í sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi fimmtudaginn 10. nóvember 1983.

Dómari er Jón S. Magnússon fulltrúi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 181.250 af umsömdum björgunarlaunum fyrir björgun b/v Mús SH 127, þann 10. ágúst 1982 með 45% ársvöxtum frá 15. nóvember 1982 til stefnubirtingardags, en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá lögmannna. Með bókun við munnlegan flutning málsins féll lögmaður stefnanda frá kröfum á hendur db. Guðmundar Jenssonar.

Stefndu gera þær dómkröfur *aðallega*, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, og *til vara*, að þeir verði einungis dæmdir til þess að greiða stefnanda mun lægri fjárhæð en krafist er. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar.

Í stefnu er málsatvikum lýst þannig: „Mál þetta er risið vegna björgunar á m/s Mávi (sic) SH-127 þann 10. ágúst 1982. M/s Már, sem er skuttogari, strandaði þá undir Ólafsvíkurenni með fullfermi fiskjar. Gerðar voru ráðstafanir til að bjarga skipinu, og voru kallaðir til m/b Hringur SH-277 og bátur stefnanda, m/b Ármann SH-223. Framkvæmdastjóri Útvers hf., sem er eigandi Mús, óskaði eftir aðstoð stefnanda og fór með honum á strandstað. Hlutverk stefnanda átti að vera að flytja tóg milli skipa, en hlutverk hans varð þó fyrst og fremst að flytja skilaboð milli Hrings og Mús, en Hringur var talstöðvarlaus. Til þess að gera langt mál stutt, þá dró Hringur Má á flot, og er atburðinum skilmerkilega lýst í sjóprófum, sem lögð verða fram í máli þessu.“

Málsástæður stefnanda eru þær, að sér beri fjórðungshlutdeild í björgunarlaunum vegna framlags hans við björgun m/s Mús. Í *fyrsta lagi* hafi verið óskað aðstoðar hans af hálfu eiganda Mús, í *öðru lagi* hafi hann aðstoðað við flutning taugar á milli skipa og í *þriðja lagi* og *aðallega* hafi hann séð um allt talstöðvarsamband milli báta, sem hugsanlega hafi haft úrslitaáhrif á, hve giftusamlega björgunin tókst. Eigendur og áhöfn m/b Hrings sömdu við tryggingarfélag m/s Mús, Tryggingamiðstöðina hf., um heildarbjörgunarlaun, samtals að fjárhæð kr. 725.000, og er samningur þessi lagður til grundvallar kröfugerð stefnanda. Stefnandi sættir sig við þann samning og gerir kröfu til hlutdeildar af þeim björgunarlaunum, sem þar var samið um. Stefnufjárhæð er miðuð við 25% af björgunarlaunum. Tryggingarfélagið hefur lýst því yfir, að það greiði ekki hærri trygg-

ingarbætur vegna björgunarinnar þrátt fyrir kröfur stefnanda. Stefnandi tók ekki þátt í samningum um björgunarlaunin, en gerir samt ekki athugasemdir við tölulega niðurstöðu samningsins um þau. Þessvegna varð það að samkomulagi milli aðilja, að málið yrði rekið á þeim grundvelli, að aðiljar létu á það reyna fyrir dómstólum, hvernig skipta beri björgunarlaunum innbyrðis og án þess að frekari kröfur yrðu gerðar á hendur tryggingarfélaginu.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi eigi á báti sínum veitt svo að björgun m/s Más SH 127, þegar m/b Hringur SH 277 bjargaði togaranum hinn 10. ágúst 1982 undir Ólafsvíkurenni, að réttlæti greiðslu björgunarlauna, og hafi einhver hjálp verið fram lögð, sé hún svo lítilvæg, að hún hafi engin úrslitaáhrif haft á björgunina, sem hefði tekist eigi að síður. Ljóst sé, að stefnandi bar enga enda á milli skipa og sú hjálp, sem hann kann að hafa veitt með talstöðvarsambandi, var nánst engin, enda var talstöðvarsamband milli björgunarskipisins og hins bjargaða, meðan þeir atburðir gerðust, sem björgunin byggðist á.

Niðurstaða.

Eins og fram kemur í gögnum málsins og áður er rakið, hefur verið samið um björgunarlaun fyrir aðstoð m/b Hrings við að ná m/s Mávi á flot. Stefnandi hefur lýst því yfir, að hann geri ekki tölulegar athugasemdir við upphæð björgunarlaunanna, en kröfur hans byggjast á því, að hann eigi rétt á hlutfallslegri fjárhæð umsaminna björgunarlauna fyrir þá aðstoð, sem hann veitti við björgun m/s Más, og gerir hann kröfu til ¼ hluta umsaminna björgunarlauna fyrir atbeina sinn við björgun skipsins.

Stefnandi var beðinn um að fara á strandstað á báti sínum, Ármanni, með framkvæmdastjóra Útvers hf., eiganda m/s Más, og til þess að koma taug á milli Más og Hrings. Þegar á strandstað var komið, var þegar komin taug á milli skipanna, og var þá beðið um aðstoð Ármanns við að koma á sambandi milli Más og Hrings um talstöð. Aðstoðin var fólgin í því, að flytja um talstöð og með köllum skilaboð milli skipanna um, að Már hefði samband við Hring á tiltekinni bylgju á stóru talstöðinni, þar sem litla talstöð Hrings var biluð. Eftir það komst talstöðvarsamband á milli Más og Hrings, og var síðan stöðugt talstöðvarsamband milli skipanna, uns björgun lauk og Már var kominn í höfn í Ólafsvík. Ármann var áfram á strandstað enn um sinn, reiðubúinn til aðstoðar ef á þyrfti að halda.

Ekki verður séð, að þáttur Ármanns í björguninni hafi verið það mikill, að björgun hefði ekki tekist án aðstoðar hans sem að framan er getið. Tilraun Ármanns til þess að koma taug um borð í Hring, eftir að hún slitnaði, mistókst. Hinsvegar lítur dómurinn svo á, að aðstoð Ármanns hafi aukið björgun Más og flýtt fyrir henni. Með hliðsjón af því og tilliti til

VIII. kafla siglingalaga nr. 66/1963 þykir aðstoð Ármanns hæfilega metin sem 5 hundraðshlutar af heildarstarfi við björgunina, og ber að greiða honum aðstoðina í því hlutfalli. Við þessa niðurstöðu er einnig höfð í huga stærð skipanna, þar sem m/s Már er 493 brúttórúmllestir, m/b Hringur 80 og Ármann 6. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 36.250, auk vaxta, eins og krafist er í stefnu, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jónas Gunnarsson, Haraldur Guðmundsson, Björn M.L. Kristjónsson og Kristján Guðmundsson, greiði stefnanda, Kristjáni Sigurði Bjarnasyni, in solidum kr. 36.250 auk 45% ársvaxta frá 15. nóvember 1982 til stefnubirtingardags hinn 19. janúar 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 15.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. nóvember 1985.

Nr. 15/1984. **Hóþferðir s/f og**
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
 (Haraldur Blöndal hrl.)
 gegn
Ragnari Stefánssyni
 (Stefán Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason og Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari.

Máli þessu skutu áfrýjendur til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1984. Áfrýjendur krefjast aðallega þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi